

2. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 29. mars 2021, kl. 17:15

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF), Viktor Ingi Lorange (VIL), Sýlvía Martinsdóttir (SM), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Davíð Sól Pálsson (DSP).

Frá skrifstofu: Tinna Isebarn (TI), Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og Rut Einarsdóttir (RE).

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur 17:15

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 1. stjórnarfundar er samþykkt.
2. **Upplýsingar frá skrifstofu:**
 - 2.1. Starfsáætlun stjórnarársins hefur verið uppfærð.
 - 2.2. Vinnuáætlun skrifstofu hefur verið uppfærð.
 - 2.3. [Umsögn LUF um Frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum \(kosningaaldur\)](#) hefur verið birt á vef Alþingis.
 - 2.4. Umsögn LUF um [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum \(kosningaaldur\)](#) hefur verið birt á vef Alþingis.
 - 2.5. Staða ungmennageirans: TI verður með erindi á ráðstefnunni „Íslenskar æskulýðsrannsóknir: Hvert er ferðinni heitið“. TI verður í sambandi við SÁS og UH um mætingu þegar dagskrá er tilbúin.
3. **Fyrsti leiðtogaráðsfundur 30. mars:**
 - 3.1. Drög að dagskrá er samþykkt.
 - 3.2. [Framkvæmdaáætlun](#) er samþykkt.
 - 3.3. Rekstraráætlun er samþykkt.
4. **Starfsmannamál:** Starfslýsing er samþykkt.
5. **Frá nefndasviði Alþingis:**
 - 5.1. Velferðarnefnd Alþingis sendir LUF til umsagnar: [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003 \(samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.\)](#). Enginn veitti umsögn um málið.
 - 5.2. Tillaga til þingsályktunar um [undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum](#). RE falið að skrifa drög.
 - 5.3. [Mælaborð](#) um farsæld barna. SHB finnur leið til að koma á skilvirknu samráði við Leiðtogaráð um málefni barna.
6. **#ÉgKýs 2021 til upplýsinga:**
 - 6.1. Fyrsti fundur stýrihóps #ÉgKýs fór fram 18. mars sl. TI leggur fram fundargerð og gerir grein fyrir því helsta sem fram fór.
 - 6.1.1. Samstarfssamningur við SÍF var samþykktur.
 - 6.1.2. TI kjörin formaður Stýrihóps og SÁS ritari.
 - 6.1.3. Verkefnaáætlun #ÉgKýs 2021 var samþykkt ásamt fjárhagsáætlun.

6.1.4. Lýðræðisvika í framhaldsskólum er staðfest frá 6. sept og endar á skuggakosningum 9. sept.

7. Rsk-málið til upplýsinga:

- 7.1. Enn er beðið eftir formlegri synjun Fyrirtækjaskrár á skráningu heitisins LUF. Var komið í ferli 18. janúar 2021. Ítrekað aftur núna 29. mars.
- 7.2. LUF sendi athugasemdir vegna skýringa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar LUF. Beðið er ákvörðunar umboðsmanns um framhald málsins. SHB er að þrýsta á framgang þess.
- 7.3. Birt hefur verið grein um málið á [heimasíðu](#) LUF með samantekt á ferli málsins, einnig á [rómur.is](#) og á [visi.is](#).

8. Alþjóðamál:

- 8.1. Ungmennafulltrúi SP á sviði kynjajafnréttis var með 2 kynningar á fundi kvennanefndar SP. Búið að birta [fréttatilkynningu](#) frá kynningu hennar á skipulagsfundinum. Önnur grein er væntanleg.
- 8.2. AC kosningar: SPF er að skipuleggja fundi með öllum frambjóðendum. SPF óskar eftir að fá einn úr stjórn með sér til að sitja fundina og mögulega stjórna einum þeirra. SM og UH gefa kost á sér.
- 8.3. „UN Committee on Elimination of Racial Discrimination“ (CERD): SPF barst erindi þar sem óskað er eftir framlagi frá frjálsum félagasamtökum. SPF sendir áfram á réttindafulltrúa og ungmennafulltrúa SP á sviði mannréttinda.

9. Fyrsti fundur Starfshóps um fjárhagslegt sjálfstæði LUF: VIL falið að búa til samskiptahóp og boða til fyrsta fundar.

10. Næsti stjórnarfundur: UH setur upp skoðanakönnun.

11. Fyrsti fundur alþjóðanefndar: SPF boðar fyrsta fund alþjóðanefndar.

12. Önnur mál:

- 12.1. Dagskrá leiðtogaráðs til samþykktar í heild með viðbótum.

Fundi slitið 18:10

RE ritaði fundargerð